



*Alþingi
Erindi nr. P 135/1661
komudagur 5.3. 2008*

Grundarfirði, 3. mars 2008.

**Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.**

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum.

Framangreint frumvarp var tekið til umræðu á fundi bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar þ. 28. febrúar 2008.

Bæjarráðið samþykkti að fara fram á endurskoðun á a. lið 2. gr. frumvarpsins. Þar segir m.a.: „Söfnunarstöðvar sveitarfélaga skulu bjóða upp á móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum eins og nánar er kveðið á um í reglugerð. Ber þeim að taka við slíkum úrgangi frá heimilum gjaldfrjálst.“

Bæjarráðið bendir á að eðlilegra væri að kveða á um að íbúar eigi rétt til þess að sveitarfélög taki við slíkum úrgangi og að gjaldtaka fyrir það sé innifalin í almennum sorpgjöldum sem lögð eru á heimili eða að kostnaður greiðist af skatttekjum. Móttaka á úrgangi er aldrei án kostnaðar og eðlilegt er að vísa til þess að sá kostnaður þarf að greiðast af einhverjum tekjum sveitarfélagsins. Enginn þáttur í þessum málaflokki eða öðrum er án kostnaðar og óeðlilegt er að gefa slíkt í skyn með ákvæði í lögum.

Bæjarráð bendir einnig á það að í fylgiskjali sem er umsögn fjármálaráðuneytisins um kostnað sem hlýst af þessu frumvarpi er ekki getið um kostnað sveitarfélaga. Þetta er óeðlilegt og nauðsynlegt er að kostnaðarmat fari fram þar sem kostnaður allra aðila er greindur. Í það minnsta er nauðsynlegt að ætlast til þess að kostnaður opinberra aðila sé greindur og að hann komi skýrt fram með frumvörpum.

F.h. bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar,


Bæjarstjórnin
Grundarfirði
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri

Afrit: Samband íslenskra sveitarfélaga.

U:\GIG\Bæjarráð\Svör og erindi frá bæjarráði\328fuUmhv 28.02.08.docx